

**Orlofshús
sumarið 2002**

**Orlof og
orlofsréttur**

**Niðurstöður í
launakönnun**

**Menntamálin eru
hluti af kjaramálum**

- bls. 2

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

Ábyrgðarmaður: Magnús L. Sveinsson

Ritstjóri: Steinunn Böðvarsdóttir

Útlit: Ólafur Gaukur

Umbrot og prentvinnsla:
Prentmet ehf.

Forsíðumynd: Kristján Maack

Starfsfólk á skrifstofu:

Magnús L. Sveinsson, formaður, Gunnar Páll Pálsson, forstöðumaður hagdeildar, Guðmundur B. Ólafsson, lögfræðingur, Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramáladeildar, Alda Sigurðardóttir, Anna B. Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Einar M. Nikulásson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar Níelsson, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlökkversdóttir, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Heiða Björg Tómasdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Laufey Eydal, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósefsson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Víktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Magnús L. Sveinsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Elín Elíasdóttir ritari og Edda Kjartansdóttir gjaldkeri.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson.

Varamenn: Valdís Haraldsdóttir og Ingvaldur Sigurðardóttir.

Stjórn Orlofssjóðs VR:


Elín Elíasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Reynir Jósefsson og Valur M. Valtýsson.

Stjórn Sjúkrasjóðs VR:

Magnús L. Sveinsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og Stefánía Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir og Sigurður Sigfússon.



Mynd: Ari Magg

Menntamálin eru hluti af kjaramálum

Oftsinnis hefur verið á það bent að íslensk ungmenni ljúka framhaldsskólanámi seinna en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum OECD og koma því seinna út á vinnumarkaðinn að námi loknu. Afleiðingar þessara mörgu námsára eru meðal annars lægri æviteklar einstaklinganna auk þess sem þjóðarframleiðsla er minni en hún gæti verið væri náms-tíminn styttri.

Til að kanna áhrif styttingar námstíma í grunn- og framhaldsskólum þannig að ungmenni ljúki framhaldsskólanámi hér á sama aldri og nemendur víðast hvar annars staðar, fékk VR Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að vinna ítarlega skýrslu um þessi atriði. Dr. Sveinn Agnarsson, sérfræðingur á Hagfræðistofnun, hafði umsjón með gerð skýrslunnar.

Hugmyndir um styttingu námstíma í grunn- og framhaldsskólum hafa oft áður skotið upp kollinum og hafa ýmsar rannsóknir verið gerðar á málinu. Skýrsla Hagfræðistofnunar fyrir VR er hins vegar fyrsta heildstæða úttektin þar sem rannsökuð eru langtímaáhrif styttingar námstímans á hag einstaklinga, sveitarfélaga, ríkissjóðs og þjóðarframleiðslu.

Niðurstöður skýrslunnar sýna svo að ekki verður um villst að fækkun skólaára er mjög

ábatasöm og getur í framtíðinni skilað bæði þjóðarþínu auknum verðmætum og einstaklingum hærri tekjum.

Menntamálin eru í nútímapjóðfélagi hluti af kjaramálum. Menntun er mikilvæg fjárfesting sem skiptir verulegu máli fyrir þjóðarhag. Það er mikilvægt að við stöndumst samkeppni við aðrar þjóðir í öllu sem lýtur að því að skapa sem best lífsgæði í víðustu merkingu þess orðs. Menntun, atvinna og jafnrétti eru undirstöðupættir lífsgæða í alþjóðlegu þekkingarsamfélagi nútímans. Á þessu megum við aldrei missa sjónir.

Það er því mikilvægt að við leggjum vinnu í að endurskoða allt skólakerfið með það að markmiði að skapa okkur sem sterkasta stöðu í hinna alþjóðlegu samkeppni sem við verðum, sem sjálfstæð þjóð, að taka þátt í hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Markmiðið með vinnslu þessarar skýrslu er að færa umræðuna um menntamál héraðs nær nútímanum. VR vonar að umræðan sem þegar er hafin á grundvelli hennar verði kveikjan að raunhæfum framkvæmdum í menntamálum okkar og að hún nýtist til að varða veginn inn í menntakerfi sem skilar okkur sem bestum þjóðfélagsþegnum framtíðarinnar.

FYRIRTÆKI ÁRSINS - svaraðu á www.vr.is

Spurningalistar í könnun VR á fyrirtæki ársins árið 2002 hafa verið sendir til félagsmanna VR og Verslunarmannafélags Akraness (VA).

Þetta er í sjötta sinn sem VR stendur fyrir könnun um fyrirtæki ársins meðal félagsmanna sinna en í fyrsta sinn tekur könnunin einnig til félagsmanna VA. Þá er könnunin nú opin öllum fyrirtækjum, burtséð frá því hvort félagsmenn VR eða VA starfa þar eða ekki. Nokkur fyrirtæki óskuðu eftir þátttöku í könnuninni og voru spurningalistar sendir til rúmlega sjö hundruð starfsmanna fyrirtækja þar sem ekki starfa félagsmenn VR eða VA.

Í könnuninni er spurt um afstöðu þátttakenda til ýmissa atvika sem varða starf þeirra og aðbúnað. Tilgangurinn er að varpa ljósi á starfsumhverfi fyrirtækja og færa starfsmönnum tæki upp í hendurnar til að bera saman vinnustaði. Það fyrirtæki sem stendur sig best að mati starfsfólks

hlýtur viðurkenningu. Fullkomin nafnleyni er við úrvinnslu könnunarinnar. Niðurstöðurnar verða kynntar í maí.

Hægt að taka þátt á netinu

Í ár gefst þátttakendum færi á að fylla út spurningalistann á netinu og senda rafrænt til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem vinnur úr niðurstöðunum. Könnunina er hægt að nálgast á heimasíðu VR, www.vr.is. Til að taka þátt á netinu þarf að nota veflykil sem prentaður er á forsiðu spurningalistans sem sendur var í pósti til þátttakenda.

Happdrættisvinningur

Allir sem senda inn útfylltan spurningalista, hvort sem er í pósti eða á netinu, geta unnið veglegan vinning. Veittir eru tíu vinningar og er eingöngu dregið úr innsendum svörum. Fyrsti vinningur er kr. 100.000 ferðavinningur. Vinningsnúmerin verða birt á heimasíðu VR, www.vr.is, í maí og í VR blaðinu.

FÉLAGSMENN FÁ 5.000 KRÓNA FERÐAÁVÍSANIR

Fullgildir félagsmenn í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Verslunarmannafélagi Akraness fá á næstunni sendar í pósti ferðaávisanir að upphæð kr. 5.000. Ávisanirnar er hægt að nota sem greiðslu fyrir ferðir bæði innanlands og utan eða leigu á

orlofshúsum félaganna og tjaldvögnum innanlands.

Tilgangur orlofssjóðs VR er m.a. að stuðla að raunhæfu gildi orlofs félagsmanna með því að auðvelda þeim að njóta orlofs og hvíldar. Sú ákvörðun stjórnar orlofssjóðs að gefa út ferðaávisanir til fullgildra félagsmanna er liður í þessu.

Gerður hefur verið samstarfs-samningur við fimm aðila í ferða-



þjónustu og gildir ávisunin sem afsláttur af þjónustu þeirra. Þessir aðilar eru Fosshótel, Heimsferðir, Heimsklúbbur Ingólfs, Ferðafélagið Útivist og Ferðafélag Íslands. Þá geta félagsmenn einnig notað ávisunina sem afslátt af leigu fyrir orlofshús eða tjaldvagn. Orlofsávisunin gildir út árið 2002 og skal einungis notuð af þeim sem hún er stíluð á. Félagsmenn fá í apríl sendan kynningarbækling þar sem nánar er fjallað um þá möguleika sem ávisanirnar veita. Þá er hægt að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu VR, www.vr.is, eða í sínum 510 1700 og 431 2823.

AÐALFUNDUR VR

Aðalfundur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur árið 2002 verður haldinn mánudaginn 25. mars 2002 á Grand Hótel í Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 19:30 og er opinn öllum félagsmönnum. Á fundinum verða hefðbundin aðalfundarstörf en auk þess verður fjallað um tillögur að breytingum á lögum félagsins. Á fundinum lætur Magnús L. Sveinsson af formennsku VR eftir að hafa veitt félaginu forystu í 22 ár og Gunnar Páll Pálsson, forstöðumaður hagdeildar VR, tekur við.

LAUS ORLOFSHÚS Á SPÁNI

Sú nýjung VR að bjóða upp á orlofshús á Spáni í sumar mæltist vel fyrir meðal félagsmanna VR og Verslunarmannafélags Akraness. Þeim stóðu til boða fimm raðhús og íbúðir í orlofshúsabyggðunum La Rosa, Las Mimosas,

Evrópugarðurinn er skammt frá orlofshúsunum sem félagsmenn VR dvelja í.

Playa Flamenca, Villa Martin og Los Altos í nágrenni bæjarins Torre Vieja á Costa Blanca eða Hvítu ströndinni.

Á annað hundruð félagsmenn sóttu um húsin og vildi flestir hús um hásumarið. Því eru enn laus hús í upphafi orlofstímans og undir lok hans eða í maí og október. Húsin eru leigð í hálfan mánuð í senn og er leiguverð kr. 52.000. Í öllum orlofshúsunum er aðstaða fyrir 4-6. Húsin eru vel búin húsgögnum, algengustu heimilistækjum og þvottavél. Nánari upplýsingar um húsin og

myndir af þeim má fá á heimasíðu VR, www.vr.is. Þeir sem hafa áhuga á að leigja orlofshús á Spáni hafi samband við orlofsdeild VR í síma 510 1700.

Góð aðsókn um páskana
Rúmlega 250 félagsmenn sóttu um orlofshús um páskana 2002 eða tæplega 20% fleiri en í fyrra. Sem fyrr voru húsin í Miðhúsa-skógi vinsælust, því næst íbúðirnar á Akureyri og orlofshús félagsins á Flúðum. Umsóknartímbil fyrir orlofshús sumarið 2002 stendur til og með 18. apríl n.k. Sjá nánari umfjöllun á bls. 10-13.



Höfum við nægan tíma?

Það eru einungis 24 klukkutímar í sólarhringnum og við þurfum að haga öllu okkar lífi eftir því. Innan þess tíma þurfum við að sofa, vinna og finna tíma fyrir fjölskyldu og vini og jafnvel okkur sjálf. Því meiri tíma sem við verjum í vinnunni því minni tíma höfum við fyrir fjölskyldu og vini.

Umfjöllun um tengsl milli starfs og einkalífs er stöðugt að aukast. Almennt má segja að áhrif starfs á einkalíf starfsmanna séu viðtæk og að þau hafi ekki einungis áhrif á starfsmanninn sjálfan heldur einnig aðra fjölskyldumeðlimi. Sýnt hefur verið fram á að árekstrar milli starfs og einkalífs geta haft mikil áhrif á gæði vinnu og fjölskyldulífs og geta haft í för með sér margvíslegar neikvæðar afleiðingar, s.s. mikla áfengisneyslu, þunglyndi, kvíða, streitu og slakari lífsgæði. Rannsóknir hafa einnig sýnt að þegar dregur úr gæðum starfs og fjölskyldulífs getur það haft áhrif á útkomu fyrirtækja, s.s. framleiðni, fjarvistir, hollustu við fyrirtækið og starfsmannaveltu.

Tími, eða skortur á honum, er einn af þeim þáttum sem ætla mætti að hefði áhrif á jafnvægi milli starfs og fjölskyldulífs. Hvort svo er og hvort ójafnvægi milli starfs og fjölskyldulífs leiði til streitu var kannað nýlega meðal félagsmanna VR. Spurningarlisti var sendur til 1.000 félagsmanna í VR sem valdir voru af handahófi. Hér er fjallað um helstu niðurstöður könnunarinnar.

Yfirvinna og áhrif hennar

Rúmlega 60% kvenna í könnuninni unnu að meðaltali 5 tíma eða færri í yfirvinnu á viku á und-

angengnum 6 mánuðum en rúmlega 70% karla unnu 6 tíma eða fleiri á viku. Þar af unnu rúmlega 15% karla meira en 21 tíma í yfirvinnu á viku. Flestir svarenda, eða 68%, sögðust sjálfir ákveða hvort þeir ynnu yfirvinnu eða ekki en yfirmenn ákvörðuðu slíkt hjá 27% svarenda. Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir myndu vilja vinna meira, minna eða jafn mikið sögðust 59% vildu vinna minna, 36% jafn mikið og einungis 5% vildu vinna meira. Nokkur þversögn er í þessum niðurstöðum og má spyrja hvort starfsmenn hafi jafn frjálssar hendur og þeir telja sjálfir í því að ákveða yfirvinnu eða hvort grunnlaunin hrökkvi hreinlega ekki til framfærslu.

Yfirvinna hefur mikil áhrif á það hvort einstaklingurinn upplifi árekstra milli starfs og fjölskyldu, þ.e. að hann honum finnist erfið að samræma þessa tvo þætti svo að vel sé. Einungis 2-5 yfirvinnutímar á viku nægðu til þess að fólk fór að upplifa árekstra. Því fleiri sem tímarnir voru því fleiri urðu árekstrarnir og því fleiri sem árekstrarnir voru því líklegri var að fólk hefði íhugað að hætta í vinnunni.

Árekstrar og streita

Árekstrar milli starf og fjölskyldulífs höfðu einnig mikil áhrif á streitu en streita er eitt af algengustu vandamálum hversdagsins. Orðið streita er notað til að lýsa margs konar vanlíðan sem upp kemur vegna álags og það er ekki óalgengt að heyra fólk segja að „það sé alveg að farast úr stressi“. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að því lengri vinnudag sem fólk vann því líklegri var það til að upplifa streitu. Þá voru auknar líkur á að þátttakandi fyndi fyrir streitu ef maki hans vann yfirvinnu. Þetta er áhugavert og sýnir hvað makinn er mikilvægur hlekkur í stuðningsneti einstaklinga. Ef maki vinnur yfirvinnu getur það t.d. valdið því að viðkomandi einstaklingur sé



Guðný Elísabet Ingadóttir og Lóa Birna Birgisdóttir

Mynd: Erling

VR beitti sér fyrir því í síðustu kjarasamningum að stytta vinnutímann.

Hér kveður við nýjan tón í kjara- baráttunni enda erum við rómaðir

„vinnufíklar“. En hvaða áhrif hefur

yfirvinna á einkalíf okkar?

Tveir kandidatsnemar í sálfræði,

þær Guðný Elísabet Ingadóttir og

Lóa Birna Birgisdóttir, könnuðu þessi

mál í lokaritgerð sinni.

frekar undir pressu að komast úr vinnu á réttum tíma til að sinna börnum.

Þeir einstaklingar sem vildu vinna minni eða meiri yfirvinnu en þeir unnu fannst vinnan valda þeim streitu fremur en þeir sem unnu þá yfirvinnu sem þeir voru ánægðir með. Það er því ekki einungis magn yfirvinnunnar sem getur valdið streitu heldur skiptir einnig máli að magnið samræmist óskum einstaklingsins. Að vinna minni yfirvinnu en maður vill getur einnig verið streituvaldur því fjárhagsstaða einstaklingsins getur verið þannig að þörf sé fyrir meiri pening og því meiri vinnu. Þá kom í ljós að þeir sem höfðu hugsað um að hætta í vinnunni upplifðu meiri streitu og fannst vinnan frekar vera streituvaldur en þeir sem ekki höfðu íhugað að hætta.

Hvað er hægt að gera?

Oft er talað um að sveigjanleiki geti dregið úr árekstrum milli starfs og fjölskyldulífs. Í kringum eina fjölskyldu eru margir hlutir sem þurfa að passa inn í dags- eða vikuplanið. Sveigjanleiki í starfi getur hjálpað starfsmönnum að láta plönin ganga upp og þar með dregið úr líkum á árekstrum og streitu. Sveigjanleiki tengist því að fólk ræður því hvernig, hvenær og hvar störfin eru innt af hendi. Markmiðið er að auka þá stjórn sem starfsmönnum finnst þeir hafa yfir lífi sínu og þörfum.

Félagslegur stuðningur og samskipti á vinnustað geta einnig haft mikil áhrif á heilsu og hegðun starfsmanna. Félagslegur stuðningur getur t.d. birst í því að yfirmaður veiti starfsmanni leyfi til þess að fara fyrr eða mæta seinna svo starfsmaðurinn geti sinnt per-

sónulegum erindum. Ef slíkur stuðningur er fyrir hendi minnka líkur á árekstrum milli vinnu og fjölskyldulífs og þar með er dregið úr áhættuþáttum streitu. Niðurstöður könnunarinnar styðja þessar kenningar. Þær benda til þess að ein leið til að draga úr þeim árekstrum sem upp geta komið á milli starfs og fjölskyldulífs og jafnframt draga úr líkum á streitu sé að gefa starfsmönnum aukna stjórn á vinnutíma sínum og/eða veita þeim aukinn félagslegan stuðning. Stuðningur yfirmanna er talinn einna mikilvægastur í því sambandi.

Samræming starfs og fjölskyldulífs

Könnunin styður þær hugmyndir að yfirvinna hafi mikil áhrif á sambandið milli starfs og fjölskyldulífs sem síðan getur verið uppspretta streitu. Því má segja að vellíðan okkar sé að miklu leiti undir því komin að við náum að samræma kröfur starfs og fjölskyldulífs. Mikilvægt er að fyrirtæki geri sér grein fyrir þeim þáttum sem hafa áhrif á þetta samband og hugi að því hvernig þau geti hjálpað starfsmönnum sínum að samræma þessar kröfur. Fyrirtæki þurfa einnig að vera meðvituð um mismunandi þarfir starfsmanna og reyna að koma til móts við þær því engin ein lausn er á því hvernig best sé að samræma starf og fjölskyldulíf til að koma í veg fyrir streitu. Önnur stéttarfélög ættu að taka VR sér til fyrirmyndar og leggja aukna áherslu á styttingu vinnutíma í kjarasamningum.

Guðný Elísabet Ingadóttir og Lóa Birna Birgisdóttir



Ekki bera allt einn

Leyfðu
að bera
ábyrgðina
**Nokkur
með þér**

Eftir því sem tíminn líður stækkar fjölskyldan og eignir hennar aukast. Um leið eykst ábyrgðin sem við berum hvert og eitt. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að njóta bestu tryggingaverndarinnar á hverjum tíma. Þar er VÍS í broddi fylkingar,

m.a. með F plús fjölskyldutryggingunni, sem er viðameiri og víðtækari fjölskyldutrygging en nokkur annar býður.

Við erum ávallt reiðubúin til að tvöfalda öryggi þitt - með því að bera ábyrgðina með þér.



þar sem tryggingar
snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, **Þjónustuver 560 5000, www.vis.is**

Bréf frá félagsmanni

Ágæti ritstjóri

Það er athyglisvert að nánast engin bréf eða greinar koma frá félögum sjálfum til blaðsins, jafn stórt og félagið er. Í lok síðasta árs skrifaði ég nokkrar línur um síðasta launasamning VR, sendi þær á spjallrás VR, vr@vr.is, og óskaði eftir því að þær yrðu birtar þar en án árangurs. Því næst hafði ég samband við ritstjóra blaðsins og tók hann strax mjög vel í að birt yrði í blaðinu grein sem nú er orðin til.

Launasamningur sem VR gerði 22. janúar 2000 fyrir þá félaga sína sem vinna hjá fyrirtækjum sem greiða laun eftir samningum sem gerðir voru við Samtök verslunarinnar, SV, hafa frá byrjun verið mér hulin ráðgáta. Að nota u.þ.b. 10% félaga í VR til að verða tilraunadýr í nýrri gerð samninga, sem kallaðir hafa verið vinnustaðasamningar af forráðamönnum félagsins og láta félaga sína bera þann fórnarkostnað sem þeir fela í sér, óbreytanlegir til 29. febrúar 2004, eru óbætanlegir afglöp. Samningur þessi inniheldur **engar** launahækkanir til samningsloka, óbreytta sumar- og desemberuppbót kr. 40.000, engin rauð strík eru í honum, rauð strík eru í öllum öðrum samningum á markaðnum, og hægfarari mótfamlög atvinnurekenda til viðbótarsparnaðar. Á samningstímanum er atvinnurekendur skyldur að hafa starfsmannaviðtöl einu sinni á ári við hvern launþega, þetta er **allt** sem þessir launþegar báru úr býtum. Hvað hefur félagið gert til að kanna hvernig launagreiðendur hafa staðið við þennan samn-

ing? Enginn af þeim, á annað hundrað félögum, sem ég vinn með hefur orðið var við slíka könnun. Þó langt sé um liðið frá gerð samninga er rétt að geta þess hér að nánast enginn af þeim á annað hundrað félögum sem áður eru nefndir voru á kjörskrá þegar samningarnir voru bornir undir atkvæði félaga. Eftir mikinn bardaga var settur upp kjörstaður á vinnustað þessara VR félaga. Allir þessir VR félagar greiddu atkvæði gegn samningnum og voru mótaskvæðin í heild lítið fleiri. Hve margir voru aðrir VR félagar sem ekki voru á kjörskrá við þessar kosningar? Furðulegt ef þetta var einsdæmi. Hvernig var staðið að umræðum við félagsmenn um þetta nýja samningsundur? Því miður verður þetta ekki afsakað með reynsluleysi, einhver hrörmun eða starfsþreyta er að gerjast í samninganefnd eða stjórn félagsins.

Við þau tímamót er núverandi formaður, Magnús L. Sveinsson, hættil hefur hann farið mikinn í fjölmiðlum og rætt mikið um gæði þess samnings sem gerður var við SV. Hann hefur verið í umræðubáttum ljósvakamiðla og birt hafa verið viðtöl við hann í blöðum þar sem hann gumar af þessum samningi og kallar hann algjöra nýjung, tímamótasamning og framtidarsamning. Af hverju gerði hann ekki samskonar samning þegar hann samdi við Samtök atvinnulífsins, SA? Sennilega er þetta verstí launasamningur sem gerður hefur verið, engar öruggar launahækkanir í 4 ár. Í síðdegisviðtali á Rás 2 í janúar s.l. segir Magnús L. að nú fái VR fólk 2%

mótfamlag til viðbótarsparnaðar, ekki tekið fram að 10% þeirra fái aðeins 1,5% mótfamlag. Í febrúar segir hann í fréttum Stöðvar 2 að 67% þeirra sem farið hafi í starfsmannaviðtöl hafi fengið 10% launahækkun, slæmt að við skulum ekki hafa verið í þeim hópi. Einnig er slæmt að formaðurinn skuli ekki gera sér grein fyrir því, eftir allan sinn starfsferil, að vinnustaðasamningar ganga illa og sérstaklega þegar atvinnuástand er eins og verið hefur of lengi. Samningur VR við SA inniheldur örugga 3% launahækkun á ári, hærri mótfamlög til viðbótarsparnaðar, rúmlega kr. 60.000 í sumar- og desemberuppbót og auk þess er að sjálfsögðu í honum rautt strík svo hægt verði að endurskoða hann til samræmis við verðbólgu. Það er óþarfi þar sem engar viðmiðanir um verðbólgu né annað eru í þessum endemis samning. Mjög ósæmilegt er að í VR blaðinu er ávallt tilkynnt þegar hækkanir verða á samningi VR við SA og sagt frá því á þann hátt að skilja meg svo að þær gildi fyrir alla. Þetta reynir á launadeildir sem þurfa að útskýra að þetta gildi aðeins fyrir 90% félagsmanna en ekki fyrir þann sem spyr.

Nú bið ég ritstjórnann að fá gerða sam- anburðartöflu, og birta í blaði okkar, á mánaðarlaunum, kr. 250.000, milli samninga VR við SA annars vegar þar sem reiknaðar eru inn allar fastar launahækk- anir ásamt aukagreiðslum og SV hins vegar og reikna með engum hækkunum. Einnig að gera samskonar töflu með sam-

anburði milli sömu aðila ef launþegi greiðir 4% til viðbótarsparnaðar og mótfamlögum eftir hvorum samning fyrir sig, í þessari töflu þarf að reikna með vöxtum sem launþeginn nýtur hjá lifeyrissjóðnum. Einnig væri fróðlegt að gera könnun hjá þeim sem eingöngu vinna eftir samningum VR við SV á því hver launaþróun hjá þeim launþegum hefur orðið. Þegar sú könnun verður gerð væri gott að félaga- talið væri í betra standi en þegar kosningin um samninginn fór fram.

Að lokum vil ég nefna lítið dæmi um hve lítillar virðingar samningur VR við SV nýtur. Föstudaginn 22. febrúar hringdi stórt bókhaldsfyrirtæki á skrifstofu VR til að kanna í hverju fælist mismunur á endurmenntunargjaldi, 0,25% í samningi SV og 0,15% í samningi SA. Svárið var að fyrir alla starfsmenn eigi að greiða 15% og þó reynt hafi verið að benda á að svo væri ekki þá fullyrta starfsmaður VR að aðeins væri um eitt endurmenntunargjald að ræða, 0,15%, upplýsingar um samning VR félaga voru rangar. Nú mætti ætla að félagar sem vinna eftir samningi SV fái hærri styrki við endurmenntun þar sem hærri endurmenntunargjald er greitt fyrir þá en gert er í samningi SA. Nei ekki ald- eilis, atvinnurekendur ætla að nota 0,10% fyrir sig sjálfa en um er að ræða atriði sem samið var um fyrir launþega!

Gunnar Kr.Gunnarsson,
kt. 180238-3369,
Nesbala 46, 170 Seltjarnarnesi

www.lyfja.is

Opið alla daga 8-24



í Lyfju Lág múla

og

Lyfju Smáratorgi

AÐRAR VERSLANIR LYFJU

Laugavegi

Opið virka daga kl. 9-19 og laugard. kl. 10-16

Smáralind

Opið virka daga kl. 11-20, laugard. kl. 10-18
og sunnud. kl. 12-18

Kringlunni

Opið virka daga kl. 10-19, laugard. kl. 10-18

Garðatorgi í Garðabæ


Opið virka daga kl. 9-18 og laugard. kl. 10-14

Setbergi í Hafnarfirði

Opið virka daga kl. 10-19 og laugard. kl. 10-16

Spönginni

Opið virka daga kl. 9-19, laugard. kl. 10-16

 **LYFJA**
- fyrir heilsuna

Svar formanns VR við bréfi frá félagsmanni

GKG spyr: „*Hvað hefur félagið gert til að kanna hvernig launagreiðendur hafa staðið við þennan samning? Enginn af þeim, á annað hundrað félögum, sem ég vinn með hefur orðið var við slíka könnun*“.

Í þessu samhengi vil ég benda á að VR hefur undanfarin ár staðið fyrir launakönnunum meðal félagsmanna sinna árlega og vísar GKG til viðtals við mig í fréttum á Stöð 2 í febrúar sl. þar sem fjallað var niðurstöður síðustu könnunar en í henni var m.a. spurt um launaviðtalið. Niðurstöður könnunarinnar sýna að verulegur árangur hefur unnist í þeim málum sem VR lagði áherslu á í síðustu samningum.

1. **Lægstu launin hækkuðu mest og hafa hækkað um 40% á sl. 2½ ári.**
2. **Launaviðtöl hafa skilað árangri; 67% þeirra sem fóru í launaviðtal fengu launa-hækkun.**
3. **Heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu að meðaltali um 8% frá sept. 2000 til sept. 2001. Dagvinnulaun hækkuðu að meðaltali um 10% á sama tíma, en þau hafa hækkað um 30% á sl. 2½ ári.**
4. **Vinnuvikan hefur stýst að**

- meðaltali um tæplega 2,5 klst. sl. 2 ár.**
5. **Launabil kynjanna hefur minnkað um 2 prósentustig.**
 6. **Ekki reyndist marktækur munur á launum félagsmanna sem vinna hjá fyrirtækjum í samtökum SA eða SV-FÍS.**

Þetta eru niðurstöður launa-könnunarinnar sem kynntar voru í innskotsblaði sem sent var til allra áskrifenda Morgunblaðsins 7. febrúar sl.

Bæði í launakönnuninni, sem var gerð í október 2001, og í könnun sem Gallup gerði fyrir VR í júní árið 2001 voru félagsmenn spurðir hvort þeir hefðu farið í launaviðtal á undan-gengnum mánuðum. Í báðum tilfellum höfðu fleiri félagsmenn sem starfa samkvæmt samningi við SV-FÍS farið í launaviðtal en þeir sem starfa samkvæmt samningi við SA. Í launakönnuninni höfðu um 50% félagsmanna sem starfa hjá aðildarfélögum SV-FÍS farið í viðtal á móti um 38% félagsmanna sem starfa hjá aðildarfélögum SA. Í könnun Gallups voru tölurnar 41% á móti 36%.

GKF fjallar í bréfi sínu um atkvæðagreiðsluna um samninginn. Það er rétt að starfsfólk í fyrirtækinu sem hann vann hjá var

ekki á kjörskrá þegar kjörskráin var gefin út. Ástæðan var einfaldlega sú að fyrirtækið var ekki skráð í SV-FÍS sem gerði samninginn við VR. Þegar farið var að kanna málið nánar hafði fyrirtækið skipt um kennitölu og var ekki skráð með nýju kennitölunni í samtökin. Um leið og þetta var upplýst var starfsfólk fyrirtækisins að sjálfsögðu sett á kjörskrá og hafði rétt til að kjósa.

Í fundargerð kjörstjórnar frá 10. febrúar 2000, þar sem skýrt er frá talningu atkvæða í kosningu um samninginn sem fulltrúi sýslumanns var viðstaddur, segir að 92 hafi greitt atkvæði á móti honum, ekki á annað hundrað eins og GKG fullyrðir að hafi verið bara í sínu fyrirtæki. Þeir sem greiddu atkvæði með samningnum voru 221 eða 140% fleiri en þeir sem greiddu atkvæði á móti samningnum. Á kjörskrá voru 1.754. Yfirleitt er það svo að þeir sem eru á móti samningum skila sér betur á kjörstað. Við afgreiðslu þessa samnings greiddu aðeins rúmlega 5% af þeim sem voru á kjörskrá atkvæði gegn samningnum.

GKG spyr hvernig staðið var að umræðum um samninginn. VR hélt félagsfund þann 3. febr. 2002 þar sem samningurinn var kynntur rækilega auk þess sem

hann var kynntur í einstökum fyrirtækjum sem báðu um sérstaka kynningu.

Eins og ég benti á hér áður vísar GKG í viðtal við mig í fréttum á Stöð 2 í febrúar sl., vegna launakönnunarinnar, sem hann segist þó ekki kannast við. Hann segir að ég hafi sagt að 67% þeirra sem farið hafi í starfsmannaviðtöl hafi fengið 10% launahækkun. Í nefndu viðtali segi ég orðrétt: „*Það sýnir sig í þessari launakönnun t.d. að þeir sem fóru í slík persónuleg viðtöl, 67% af þeim fengu hækkun eftir viðtal*“. Eins og hér sést, nefni ég ekki 10% eins og GKG heldur fram.

GKG segir að vinnustaða-samningar gangi illa. Hið rétta er að vinnustaðasamningar sem VR hefur gert hafa skilað betri kjörum til launþega en nokkrir aðrir samningar. Dæmi eru um, skv. vinnustaðasamningi sem VR hefur gert við matvöruverslanir, að vinnutíminn hafi stýst úr 210 klst. í 170 klst. á mánuði án þess að laun lækkuðu. Í launakönnuninni kemur fram að lægstu launin hækkuðu mest, þ.e. hjá afgreiðslufólki á kassa. Heildarlaun þess hækkuðu að meðaltali um 18% frá september 2000 til september 2001 þegar heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu að meðaltali um 8%. Á sama tíma stýttist vinnuvikan hjá afgreiðslufólki á kassa og matvöru mest eða um 3 klst. að meðaltali en rúma eina klst. hjá félagsmönnum VR.

GKG segir samninginn við SV-FÍS óbreytanlegan til 29. febrúar 2004. Þetta er ekki rétt. Hægt er að segja samningnum upp 1. september n.k. skv. 19. gr. hans.

GKG endar grein sína á að vísa til viðtals sem hann segir að einhver annar hafi átt við einhvern á skrifstofu VR um samning VR og SV-FÍS. Hafi verið gefin röng svör á skrifstofu VR, er beðist velvirðingar á því.

Samanburður á kjarasamningum VR við SA og SV-FÍS

aðrar en lágmarkshækkanir skv. samningunum. Báðir aðilar leggja fyrir 4% af launum sínum í séreignarsparnað.

Niðurstæða þessa samanburðar leiðir í ljós að SA maðurinn fær samtals kr. 47.374 hærri útborguð laun á samanburðartímabilinu, eða um 1%. Það kemur sjálfsagt mörgum á óvart hversu lítill munurinn er þar sem SA samningurinn

gerir ráð fyrir föstum 3% hækkunum tvisvar sinnum á samanburðartímanum umfram SV-FÍS samninginn, auk þess sem desember- og orlofsuppbætur voru hærri árið 2001.

Tvö atriði valda því fyrst og fremst að munurinn er ekki meiri þrátt fyrir árlegar hækk-anir SA mannsins.

- **Í fyrsta lagi var samningurinn við SV-FÍS gerður þann 22. janúar 2000 og voru laun þá hækkuð um 3,8% frá og með þeim degi. Samningurinn við SA var hins vegar gerður í maí 2000 og hækkuðu laun um 3,9% frá 1. maí 2000. Hækkun SV-FÍS mannsins kemur því fyrr.**
- **Í öðru lagi stýttist dagvinnu-**

Vegna bréfs Gunnars Kr. Gunnarssonar (GKG), sem birt er í þessu blaði (bls. 6) að hans ósk, er hér svar formanns VR, Magnúsar L. Sveinssonar:

Samningur VR og Samtaka verslunarinnar – FÍS kveður m.a. á um eftirfarandi kjarabætur á samningstímanum:

1. **Við undirskrift samnings hækkuðu laun um 3,8%.**
2. **Eingreiðsla, kr. 10.000, var greidd 1. febrúar 2000.**
3. **Lægsti launataxti hækkaði úr kr. 73.319 í kr. 90.000 eða um 23%.**
4. **Vinnuvikan stýttist um 30 mínútur á viku hjá skrifstofufólki og 50 mínútur hjá afgreiðslufólki.**
5. **Vinnuveitendur greiða 2% í séreignarsjóð lífeyrissjóða á móti sömu upphæð launþega.**
6. **Vinnuveitendur greiða í starfs- og endurmenntunarsjóð 0,25% af sama launastofni og lífeyrissjóðsiðgjöld eru reiknuð.**
7. **Samningurinn kveður á um að „Launin skulu endurspegla vinnuframlag starfsmanns, hæfni hans, dugnað, sveiganleika í vinnu, vinnu á sérstökum tímum, innihald starfsins og ábyrgð og menntun ef við á“, eins og segir orðrétt í b lið í grein 1.3. í samningnum. Taka á mið af markaðslaunum, sem launakannanir sýna hver eru, og eiga starfsmenn rétt á launum sem greidd eru fyrir sambærileg störf samkvæmt launakönnunum. Þetta mat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári.**

Hér eru borin saman kjör samkvæmt tveimur kjarasamningum, annars vegar samningi VR við Samtök atvinnulífsins (SA) og hins vegar samningi VR við Samtök verslunarinnar-FÍS (SV-FÍS).

Miðað er við tvo menn á tíma-bilinu 1. janúar 2000 – 28. febrúar 2002. Báðir eru mennirnir með kr. 250.000 í mánaðarlaun fyrir dagvinnu þann 1. janúar 2000. Miðað er við afgreiðslumenn sem voru með 40 stunda vinnuviku í dagvinnu. Til að fá krónulegan samanburð á þessum tveimur mönnum er gengið út frá þeirri forsendu að vinnutími beggja haldist óbreyttur á því tímabili sem samanburðurinn nær yfir. Vinnuhlé beggja manna haldast einnig óbreytt frá því fyrir samninga. Þær vinnustundir sem fara því fram yfir dagvinnu þegar vinnutímastýttingar eiga sér stað eru greiddar sem yfirvinna með tímakaupi sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Miðað er við að engar launahækk-anir eigi sér stað á tímabilinu

vika SV-FÍS mannsins þann 1. mars 2000 og myndast þannig 20 mínútur í yfirvinnu á viku hverri frá þeim tíma miðað við óbreyttan vinnutíma. Vinnutímastýtting SA mannsins, 30 mínútur, varð hins vegar þann 1. október 2000 eða 7 mánuðum síðar. Þann 1. mars 2001 stýttist svo vinnuvika SV-FÍS mannsins aftur, eða um 15 mín. til viðbótar.

Ef mótframlag atvinnurekanda í séreignarsparnað er skoðað kemur í ljós að SA maðurinn er búinn að fá kr. 10.154 hærri upphæð en SV-FÍS maðurinn. Ástæðan fyrir því er tvíþætt; SA maðurinn er með heldur hærri laun á tímabilinu og mótframlag atvinnurekanda varð 1% þann 1. maí 2000 og 2% frá 1. janúar 2002. 0,5% mótframlag atvinnurekanda hjá SV-FÍS manninum kom hins vegar þann 1. janúar 2000, fjórum mánuðum fyrr en hjá SA-manninum og varð 1% þann 1. janúar 2001 og 1,5% 2002. Það breytist svo í 2% þann 1. janúar 2003. Einnig stýttist vinnuvika SV-FÍS mannsins þann 1. janúar 2003 um 15 mínútur til viðbótar.



Myndir: Erling

KJARAPING 2002

Launamál og stytting skóla í brennidepli

Um eitt hundrað manns sátu kjaraping VR sem haldið var í febrúar á Grand Hótel í Reykjavík. Til umfjöllunar á þinginu voru niðurstöður í launa-könnun félagsins fyrir árið 2001 og skýrsla sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann að beiðni VR um áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla.

Þetta er í fjórða skipti sem VR stendur fyrir launakönnun meðal félagsmanna sinna en í fyrsta sinn sem könnunin tekur einnig til félagsmanna Verslunarmannafélags Akraness. „Hugmyndafræðin á bak við könnunina er að komast að því hver markaðslaun eru í mismun-andi starfsgreinum með það að markmiði að félagsmenn geti borið saman sín laun við þau laun sem greidd eru fyrir hliðstæð störf,“ sagði Magnús L. Sveinsson, for-maður VR, í setningarræðu þings-ins. Aukin þátttaka í könnuninni sýnir að félagsmenn sjá sér hag í því að taka þátt en þátttakan jókst um 22% á milli ára.

Stytttri skóli þýðir aukin verðmæti fyrir þjóðarbúið

Á þinginu var einnig fjallað um niðurstöður skýrslu sem Hag-fræðistofnun Háskóla Íslands gerði að beiðni VR um áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla á einstaklinga og samfélagið. Miðað var við að styttingin leiddi til þess að íslensk ungmenni ljúki fram-haldsskólanámi á svipuðum aldri og nemendur í nágrannalönd-

Árangur í helstu baráttumálum félagsins

Niðurstöður kannanna síðustu ára sýna að verulegur árangur hefur náðst í þeim málum sem VR hefur lagt áherslu á, sagði Magnús. Lægstu launin hækkuðu mest á milli árunna 2000 og 2001 og hafa heildarlaun afgreiðslu-fólks hækkað um 40% á undan-förnum 2½ árum. Skýringanna er m.a. að leita í fyrirtækjasamningum sem félagið hefur beitt sér fyrir og launaviðtöllum en í síðustu kjarasamningum var samið um rétt félagsmanna til árlegs launa-viðtals. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar fyrir árið 2001 fengu 67% þeirra sem fóru í viðtal launahækkun í kjölfarið.



unum. Þrír kostir voru skoðaðir, að hefja grunnskólanám við fimm ára aldur í stað sex ára; að grunn-skólinn verði styttr um eitt ár; og að framhaldsskólinn verði styttr um eitt ár.

Niðurstöður skýrslunnar sýna að allir þessir kostir myndu hafa veruleg áhrif á þjóðaframleiðslu. Mest ykist þjóðarframleiðslan ef grunnskólinn yrði færður niður um eitt ár eða um 78 milljarða króna á 50 ára tímabili. Fleiri for-eldrar gætu farið út á vinnumark-aðinn auk þess sem nemendur hæfu störf ári fyrr en ella. Ef farin yrði sú leið að stytta grunnskólann um eitt ár en lengja hvert skólaár í 10 mánuði í staðinn myndi það hafa í för með sér 56 milljarða króna aukningu þjóðartekna á sama tímabili. Ávinningurinn næmi 67 milljörðum ef framhalds-skólinn yrði styttr um eitt ár en hvert skólaár lengt í 10 mánuði.

Stjórn VR ályktar um styttingu skóla

Magnús skýrði frá því að stjórn VR hafi, á grundvelli niðurstaðna skýrslu Hagfræðistofnunar, sam-þykkt ályktun þar sem lögd er áhersla á að gerðar verði breyt-ingar á skólakerfi landsins. Í ályktuninni segir m.a. annars: „Bent er á [í skýrslu Hagfræði-stofnunar] að hver þessara þátta myndi auka þjóðarframleiðslu verulega eða um allt að 157 milljarða króna á 50 árum, komi allir þættirnir til framkvæmda. Eyða má biðlistum eftir leikskóla-plássum án verulegs kostnaðar-auka og auka má kaupmátt sem nemur a.m.k. þeim árum sem starfsævin lengist við þessa breyt-ingu. Þá telur stjórn VR að ávinningurinn sem felst í bættum lífs-gæðum og auknu jafnrétti með þessum breytingum verði ekki metinn til fjár.“

Sjá einnig umfjöllun um skýrslu Hagfræðistofnunar í leið-ara blaðsins á bls. 2.

Hér á opnunni má sjá helstu niður-stöður í launa-könnun VR fyrir árið 2001 og heild-artöflu yfir laun eftir starfsstéttum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR, **www.vr.is**. Þar er einnig hægt að lesa skýrslu Félagsvís-indastofnunar Há-skóla Íslands sem sá um framkvæmd könnunarinnar. Á heimasíðunni má einnig nálgast bækling sem VR gaf út í tengslum við kynningu á niðurstöðunum og blaðið Þitt mál þar sem fjallað er um niðurstöðurnar. Á heimasíðunni er líka birt skýrsla Hagfræðistofnunar um styttingu skól-ans. Prentuð eintök af bæklingnum og skýrslu Hagfræði-stofnunar má fá á skrifstofum VR og Verslunarmanna-félags Akraness.

LAUNAKÖNNUN VR 2001: Helstu niðurstöður

Niðurstöður í launa-könnun VR fyrir árið 2001 voru kynntar á kjarapingi félagsins. Það var Félagsvísinda-stofnun HÍ sem sá um framkvæmd könnunar-innar. Helstu niðurstöður eru raktar hér. Einnig var fjallað um niður-stöðurnar í bæklingi sem gefinn var út og í blaðinu Þitt mál sem dreift var með Morgun-blaðinu í febrúar. Hægt er að nálgast hvorutveggja á heima-síðu VR, **www.vr.is**, eða

Launakönnun VR, meðallaun eftir starfsstétt/Laun í september 2001

	Fjöldi svarenda	Vinnutími Klst. á viku í fullu starfi	% breyting dagv.launa frá síðustu VR-könnun	Meðaldagvinnulaun/föst mánaðarlaun í þús. kr.					Meðalheildarlaun í þús. kr.					Eftir starfsaldri			Eftir stærð fyrirtækis		Eftir starfshlutfalli			
				Dagvinnulaun/föst mánaðarlaun				Eftir kyni	Heildarlaun				Eftir kyni	Eftir starfsaldri			Færri en 10 starfsmenn	10 eða fleiri starfsmenn	70-99%	100%		
				Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk		Meðaltal	25% mörk	Miðtala	75% mörk		5 ár eða skemur	5,1 - 10 ár	10,1 ár eða lengur						
Allir	2912	43	10%	211	161	200	250	236	198	239	183	223	280	275	220	233	251	243	222	242	213	242
Stjórnendur og sérfræðingar	1142	44	4%	254	200	248	300	275	237	285	225	275	330	313	263	280	300	288	249	293	253	288
Hærrí stjórnendur	61	46	1%	308	241	300	398	338	282	341	259	324	428	365	321	321	290	383	290	382		342
Deildarstjórar	192	45	6%	256	205	250	300	287	233	291	237	279	346	318	270	290	287	295	232	295	245	294
Sölu- og verslunarstjórar	207	46	13%	251	200	250	300	272	221	286	225	270	330	308	254	281	296	290	248	294	252	287
Aðrir millistjórnendur	422	43	2%	236	187	225	280	253	226	265	210	250	308	299	245	258	293	259	239	272	238	267
Verk-, tölvunar- og kerfisfræðingar	110	43	2%	291	245	299	335	291	292	325	273	316	360	331	312	300	382	358		325	330	325
Hagfræði- og viðskiptafræðingar	60	43	6%	279	236	270	314	290	272	317	259	298	354	343	300	311	343			318	330	320
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	90	41	8%	241	210	238	261	248	239	262	223	252	298	261	262	261	255	294	232	268	252	264
Sérhæft starfsfólk og tæknar	611	41	6%	202	170	196	227	226	195	224	187	214	253	264	213	211	230	235	219	225	212	226
Bókhalds-, fjármála- og launafulltrúar	208	40	6%	213	183	209	240	236	210	230	198	225	260	261	227	216	241	234	225	231	221	232
Sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúar	139	42	12%	206	180	200	231	222	192	240	199	230	260	269	213	231	246	249	240	240	209	242
Ferðafræðingar	43	41	4%	166	146	168	185	166		189	148	186	216	189		177	187	223		186	213	186
Sérhæfing v. trygginga/tjónauppgjör	47	40	11%	218	182	205	248	244	198	243	207	226	272	275	218	234	257	246		245		243
Lyfjatæknar	25	40	14%	157	142	156	173	157		183	165	175	203	181		181	190		176	185	181	185
Umbrots- og grafíkstörf, tækniteiknara	23	43	4%	203	165	200	236	214	198	248	188	236	280	261	242	243	247	256	196	263		247
Fræðslu- og upplýsingafulltrúar	10	42	-10%	191	157	195	226	191		203	175	205	228	203		196				202		203
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	112	40	-1%	192	170	188	205	211	189	204	178	194	222	223	201	193	194	221	210	203	201	204
Annað sérhæft starfsfólk	4	46		243						275						275						275
Skrifstofufólk	296	40	11%	185	160	180	200	199	184	199	165	190	215	235	197	186	200	210	208	196	203	198
Almennir ritara	67	40	14%	184	165	185	201		184	196	165	193	210		196	181	204	207	194	196	192	196
Bókhaldsritara/innheimtufulltrúar	105	40	11%	192	162	182	200	200	191	206	172	191	217	244	204	190	201	222	235	201	219	203
Önnur almenn skrifstofustörf	124	40	10%	180	155	175	200	199	178	194	162	187	213	232	191	185	197	201	202	192	192	194
Skrifstofufólk við afgreiðslu	256	42	12%	172	140	165	198	194	169	194	156	184	218	232	187	194	197	196	194	194	197	193
Gjaldkerar, innheimtustörf	127	42	9%	193	160	190	220	213	189	218	177	210	241	255	209	220	228	216	206	219	231	216
Símavarsla	42	40	16%	156	135	152	169	155	167	167	146	161	181	167		158	177	169		167	185	163
Önnur skrifst.s. við afgreiðslu/gestamótt.	87	42	2%	150	129	149	171	156	149	172	145	166	187	202	168	172	176	172	175	172	165	173
Sölu- og afgreiðslufólk	340	44	8%	171	130	164	203	198	150	205	159	200	242	238	181	201	215	208	187	209	174	211
Sérhæfð sölustörf	179	43	9%	200	164	195	230	218	179	230	190	220	265	253	205	226	246	231	220	232	205	233
Almenn sölustörf	61	46	6%	150	114	144	175	183	127	190	148	182	227	232	161	182	189	202	147	202	154	200
Símasala	8	41		151				152		186				181		198				175		172
Afgreiðsla á kassa	21	47	16%	117	93	109	148	120		161	134	153	177		164	152	151	202		161	127	172
Afgreiðsla á matvöru	21	47	4%	135	103	125	154	149	126	175	124	178	212	189	166	160		201		177		175
Afgreiðsla á sérvöru	50	43	4%	131	113	129	150	143	127	169	134	157	206	199	158	165	183	165	167	169	167	169
Gæslu-, lager- og framleiðslustörf	183	44	6%	151	127	148	165	153	144	191	150	179	219	200	170	191	190	194	170	194	159	192
Öryggis-/húsvarsla og ræsting	24	43	16%	158	114	148	189	158	159	186	141	165	223	200	163	192	153	202	129	208		184
Framleiðsla og pökkun	19	42	12%	141	118	145	155	141	140	176	146	161	182	191	169	196	198	163		178		176
Lagerstörf og útkeyrsla	140	45	3%	151	128	150	170	154	142	194	150	184	222	200	172	191	208	199	187	195	136	196

LAUNAKÖNNUN VR 2001:

Helstu niðurstöður

á skrifstofum VR og Verslunarmannafélags Akraness.

- Að meðaltali hækkuðu heildarlaun félagsmanna um 8% á milli ára, úr 221 þús. kr. í 239 þús. kr. Dagvinnu-laun hækkuðu um 10% úr 192 þús. kr. í 211 þús. kr.
- Lægstu launin hækkuðu mest, t.a.m. hækkuðu heild-arlaun afgreiðslufólks á kassa um 18% á milli ára, úr 136 þús. kr. árið 2000 í 161 þús. kr. árið 2001.
- Meðallaun voru hæst hjá hærri stjórnendum, heildar-laun voru 341 þús. kr. Laun stjórnenda stóðu hins vegar því sem næst í stað á milli ára.

- Hæst laun voru greidd í fyrirtækjum sem sérhæfa sig í tölvubjónustu og fjar-skiptum, heildarlaun voru að meðaltali 282 þús. kr.

- Fyrirtæki í smásölu greiddu lægstu launin að meðaltali eða 221 þús. kr. í heildar-laun. Innan smásölugeirans voru lægstu launin greidd í stórmörkuðum og matvöru-verslunum eða 198 þús. kr. í heildarlaun.

- Karlar voru að meðaltali með 24,5% hærri heildar-laun en konur eða 275 þús. kr. á móti 221 þús. kr. Árið 2000 var þessi munur 25,6%. Þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, vinnutíma, starfsaldurs og aldurs höfðu karlar að meðaltali 16% hærri heildar-laun en konur. Þessi munur var 18% árið 2000.

- Karlar gera kröfu um 15% hærri laun en konur fyrir sambærileg störf.
- Starfsfólk með háskólapróf var með hæstu meðallaunin eða 291 þús. kr. í heildar-laun á mánuði. Því næst kom starfsfólk með próf úr sérskólum á háskólastigi með 255 þús. kr. á mánuði.
- Vinnuvikan hefur styst um rúmlega 1 klst frá síðustu könnun eða úr 44 klst. á viku í 42,7. Karlar vinna

4 klst. lengur en konur á viku, 45 klst. á móti 41.



MIÐHÚSASKÓGUR

20 hús eru til leigu fyrir félagsmenn VR og VA í hinu glæsi-lega orlofshverfi í Miðhúsaskógi. Auk þess er þar á staðnum þjónustuhús fyrir umsjónarmann sem dvelur í Miðhúsum yfir sumarmánuðina. Í hverju húsi eru 3 svefnherbergi, stofa, eldhús og bað með sturtu. Heitur pottur er á verönd allra húsanna. Þarna er rómuð náttúrufegurð og merkisstaðir í grenndinni, svo sem Gullfoss og Geysir, sem allir hafa gaman af að sjá. Búnaður í hverju húsi er fyrir 8 manns, þar á meðal sængur og koddar, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Barnarúm fylgir, sjónvarps- og útvarpstæki eru í húsunum og símaklefi með símasjálfsala er í hverfinu. Kolagrill er á staðnum.



AKUREYRI

Í fjölbýlishúsinu að Furulundi 10 á Akureyri eiga VR og VA 5 íbúðir sem leigðar eru félagsmönnum. Mikil ásókn er í þær, einkum yfir sumartímann. Allt í kring um Akureyri eru sögu-staðir og fögur náttúra hvert sem litið er. Í íbúðunum að Furulundi er stofa með svölum fyrir framan, eldhús, bað, hjónaherbergi með hjónarúmi og einni konu og annað svefnherbergi með tveim kolum (4 rúmstæðum). Einnig er hægt að sofa á sófa í stofunni. Búnaður er fyrir 8 manns. Barnarúm og barnastóll eru í sameiginlegri geymslu. Sjónvarp, útvarp og kolagrill til að nota á svölum húsanna fylgja.

Myndir í þessari opnu:
Stóri Kambur: Grétar Hannesson.
Allar aðrar myndir: Kristján Maack.

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ OG ÚTHLUTUNARREGLUR Í NÆSTU OPNU



FLÚÐIR

Óhætt er að telja Flúðir einn allra vinsælasta orlofs-stað VR og þar dvelja félagsmenn árið um kring. Þarna er mikil veðursæld og náttúruðýrð og margt að sjá. Í hverju hinna þriggja húsa VR á staðnum eru 3 svefnherbergi, stofa, eldhús og bað með sturtu. Heitur pottur er á verönd hvers húss. Stutt er í Þjórsárdal og að Skálholti, Gullfossi og Geysi. Á Flúðum er sundlaug og golfvöllur í næsta nágrenni. Í hverju orlofshúsi VR er búnaður fyrir 8 manns. Sængur og koddar eru á staðnum, en koma þarf með sængurver og koddaver. Sjónvarps- og útvarpstæki eru í hverju húsi, ennfremur kolagrill og barnarúm.



STYKKISHÓLMUR

Félagsfólki VR og VA stendur til boða eitt orlofshús í Stykkishólmi á sumri komanda. Á þessum stað við Breiðafjörðinn hefur hver einasta vika sumarsins verið eftirsótt enda er hér um að ræða merkan stað, fagurt umhverfi og nánast einhver saga hvert sem litið er. Í orlofshúsinu er allur búnaður fyrir 10 manns og ágæt svefnaðstaða fyrir þann fjölda. Svefnherbergin eru fjögur, en auk þess er að sjálfsöðgu eldhús, bað með sturtu og stór stofa. Sængur og koddar eru á staðnum, en fólk þarf sjálf að koma með sængurver og koddaver. Sjónvarps- og útvarpstæki eru í hverju húsi, einnig barnarúm og kolagrill. Heitur pottur er við húsið.

ORLOF SHÚS, ÍBÚÐIR OG TJALDVAGNAR SUMARIÐ 2002

HÚSAFELL

Húsafell er ákaflega vinsæll orlofsstaður, einkum yfir sumartímann, enda er þetta rómuð útivistarparadís. VR á þrjú hús í Húsafelli, öll með heitum pottum á verönd. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og bað. Góð sundlaug er á staðnum og

margt við að vera, til dæmis er hægt að komast í snjósleðaferðir á Langjökul svo eitthvað sé nefnt. Í húsunum er búnaður fyrir 8 manns. Sængur og koddar fylgja, en koma þarf með sængurföt. Barnarúm er á staðnum ásamt sjónvarpstæki, útvarpstæki og kolagrilli



KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Á Kirkjubæjarklaustri á VR parhús, það er að segja tvö sambyggð orlofshús. Húsin eru í sjálfu þorpinu að Klaustri og standa við Skaftárvelli 3. Þarna er því stutt í alla þjónustu og verslanir, sundlaug o.s.frv. eru í göngufæri. Nágrennið er fagurt og marga athyglis-verða staði að finna og að auki er Klaustur einn veðursælasti staður landsins. Í húsunum á Klaustri eru 3 svefnherbergi, stofa, eldhús og bað með sturtu. Allur búnaður er fyrir 8 manns, þar á meðal sængur og koddar, en sængurver og koddaver fylgja ekki. Í húsunum eru barnarúm og barnastóll, svo og sjónvarps- og útvarpstæki ásamt kolagrilli.



TJALDVAGNAR

Það er orðinn vinsæll ferðamáti meðal félagsmanna að leigja sér tjaldvagn. Vagnarnir eru leigðir annað hvort í 6 daga eða 13 daga. Þeir eru í besta ástandi og að mörgu leyti sérhannaðir til að þola álag. Sótt er um tjaldvagna eins og orlofshús, á sama blaði (sjá um-sóknarblað á bls. 13). Miðstöð vagnaleigunnar er á Smiðshöfða 9, þar eru vagnarnir afhentir og þangað er þeim skilað aftur. Í hverjum vagni geta dvalið allt að fjórir. Til að fá tjaldvagn þurfa menn að hafa bíl í fullri tryggingu með tengibúnað sem viðurkenndur er af opinberum skoðunaraðila. Tjaldvagnar eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki hægt að lána þá öðrum. Vögunum fylgja hitari, borð, stólar og eldunarhella ásamt gaskút sem leigutakar láta fylla á sjálfir.



STÓRI KAMBUR

Á Stóra Kambi á sunnanverðu Snæfellsnesi verða nú í sumar í fyrsta sinn til leigu tvær stórar (um 100 fermetrar) orlofsíbúðir í sama húsinu, neðri og efri hæð. Þær eru hvor um sig gerðar til dvalar fyrir allt að átta manns. Búnaður er hinn sami og í öðrum orlofshúsum. Á Stóra Kambi eru þrjú svefnherbergi í hvorri íbúð, stofa og eldhúskrókur auk snyrtiherbergis með sturtu. Þetta eru glæsilegar íbúðir og nýinnréttaðar með öllu til-heyrandi. Ekki þarf að fjölyrða um staðinn, einn fegursti staður á Snæfellsnesi skammt frá Búðum og Arnarstapa, og Snæfells-jökull í næsta nágrenni. Hinum megin á Snæfellsnesinu eru Snæfellsbær, Grundarfjörður og Stykkishólmur, og svo Búðar-dalur og Dalirnir fjær.



EINARSSTAÐIR

VR á tvö orlofshús á Einarstöðum á Völlum og hefur í sumar tekið á leigu fjögur hús til viðbótar á þessum eftirsóttu og einstaklega veðursæla stað. Samtals verða félagar VR og VA því í 6 húsum á þessum stað í sumar, 4 húsum á Einarstöðum og 2 húsum í Úlfisstaðaskógi, en þessi svæði eru næstum sam-liggjandi og sami vegarflleggjari að þeim báðum. Einarstaðir eru í um 15 mínútna aksturs fjarlægð frá Egilsstöðum þar sem margvíslega þjónusta er að fá. Hallormsstaðaskógur og Lagar-fljótið eru í næsta nágrenni og ekki er langt til Seyðisfjarðar, Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Orlofshúsin á Einarstöðum eru ætluð til dvalar fyrir 6-8 manns og við það er allur búnaður miðaður. Sængur og koddar eru á staðnum og hægt að fá leigðan rúmfatnað eða taka hann með sér að heiman. Í húsunum eru m.a. útvarp, sjónvarpstæki og kolagrill.

UMFJÖLLUN UM FLEIRI ORLOFSHÚS Í NÆSTU OPNU

ORLOF OG ORLOFSRETTUR

Í tilefni þess að sól er farin að hækka á lofti hefur kjaramáladeild VR tekið saman eftirfarandi fróðleiksmola um orlof VR-félaga.

Fjöldi orlofsdaga og orlofsprósenta

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar fyrir hvern launþega. Það þýðir að tveir orlofsdagar ávinnast fyrir hvern unninn mánuð á orlofsárinu. Orlofsprósenta er 10,17%. Eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 25 virka daga í orlof. Orlofsprósentan verður 10,64%. Eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþeginn 28 virka daga í orlof og orlofsprósentan verður 12,07%.

Ef unnið er samkvæmt kjarasamningum VR og Samtaka verslunarinnar-FÍS (SV-FÍS) á launþeginn rétt á 27 daga orlofi eftir 10 ára starf og orlofsprósentan er 11,59%.

Til orlofsdaga teljast aðeins virkir dagar. Á orlofstímanum frá 2. maí - 15. september ár hvert eiga allir rétt á 24 daga orlofi, jafnvel þó þeir eigi ekki rétt til orlofslauna allan þann tíma hjá vinnuveitanda.

Orlofstaka utan tímabils

Ef starfsmaður fer í orlof eftir 15. september að ósk atvinnurekanda, skal hann fá 25% lengingu á þann hluta orlofsins. Ef launþeginn óskar hinsvegar sjálfur eftir orlofi síðar en 15. september lengist orlof hans ekki.



Hvenær ber að greiða orlofslaun?

Orlofslaun ber að greiða þegar launþegi fer í orlof. Einnig er mögulegt að samningur hafi verið gerður um vörslu orlofslauna við einhvern banka eða sparisjóð, en þá er orlofsfé laust eigi síðar en 15. maí ár hvert. Þegar starfsmaður hættir störfum hjá vinnuveitanda ber að greiða út áunnið orlof, skv. lögum um orlof.

Ákvörðun orlofstöku

Orlofstímabilið er frá 2. maí - 15. september ár hvert og á hver launþegi rétt á því að taka orlof sitt á þessu tímabili. Í lögum um orlof segir að atvinnurekandi skuli í samráði við launþegann ákveða orlofstöku hans. Atvinnurekandi skal verða við óskum launþegans um hvenær orlof skuli tekið, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal eins fljótt og unnt er, eða í síðasta lagi einum mánuði fyrir byrjun orlofs, tilkynna launþega hvenær orlof skuli hefjast.

Lokun fyrirtækis vegna orlofs starfsmanna

Vinnuveitanda er heimilt að loka fyrirtæki á meðan orlofi starfsmanna stendur, ef hann tilkynnir starfsmönnum það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem ekki hafa áunnið sér fullan orlofsrétt, geta ekki krafist launa þann tíma. Aftur á móti eiga þeir starfsmenn sem þegar hafa tekið orlof sitt á tímabilinu, rétt til launa þann tíma sem lokað er.

Veikindi í orlofi

Starfsmaður sem veikist innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og veikindin standa samfellt lengur en 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES-svæðisins (hjá SV-FÍS þurfa veikindi erlendis að leiða til sjúkra-



Myndir: Kristján Maack

húsvistar eða heimflutnings), á launþeginn rétt til uppbótarorlofs jafn langan tíma og veikindin sannanlega vörðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði, sé þess óskað.

Orlof og uppsagnarfrestur

Vinnuveitandi getur ekki einhliða ákveðið að orlof launþega komi inn í uppsagnarfrest hans. Uppsagnarfrestur á að nýttast starfsmanni óskertur við að leita sér nýrrar vinnu. Ef vinnuveitandi gæti ákveðið að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest starfsmannsins myndi umsaminn uppsagnarfrestur ekki nýttast starfsmanninum eins og til er ætlast. Orlof getur því ekki fallið inn í uppsagnarfrest, hvort sem tekin hefur verið ákvörðun um orlof fyrir uppsögn eða ekki, nema með samþykki starfsmannsins.

Framsal orlofs á milli ára

Skv. 13. grein orlofslaga er framsal á orlofi og orlofslaunum óheimilt á milli ára. Þetta þýðir að launþegi þarf að fullnýta orlofsrétt sinn áður en nýtt orlofsár hefst. Það er í raun sameiginleg ábyrgð vinnuveitanda og launþega að sjá til þess að orlof sé nýtt innan tilskyldra tímamarka. Með samkomulagi á milli vinnuveitanda og launþega er þó hægt að flytja orlofsréttindi á milli ára.

Vanskil atvinnurekanda á orlofi

Ef starfsmenn hafa ekki fengið greitt út orlof sitt frá vinnuveitanda á réttum tíma geta starfsmennirnir leitað til skrifstofu VR og óskað aðstoðar félagsins við innheimtu á kröfunni.

Nánari upplýsingar um orlofstöku og orlofslög er hægt að nálgast hjá starfsfólki kjaramáladeildar VR, sími 510-1700.

Með sumarkveðju,
kjaramáladeild VR

HVERNIG Á AÐ REIKNA ORLOFSLAUN?

Samkvæmt gildandi lögum ber að reikna orlofslaun í orlofsstundum, hvern mánuð fyrir sig. Orlofsstundirnar eru síðan lagðar saman fyrir allt árið og margfaldaðar með gildandi tímakaupi þegar orlof er tekið. Þetta þýðir að orlofslaun eru launatryggð.

Orlofsstundir eru fundnar með því að finna orlofsprósentuna (10,17%, 10,64%, 11,59% (FÍS) eða 12,07% - fer eftir starfsaldri) af heildarlaunum og deila í þá útkomu með dagvinnutímakaupi. Dagvinnutímakaup er fundið með því að deila 160 klst. fyrir skrifstofufólk og 170 klst. fyrir verslunarfólk upp í föst mánaðarlaun.

Dæmi: Afgreiðslumaður í verslun

Laun vegna dagvinnu	150.000 kr.
Yfirvinna	<u>20.000 kr.</u>
Samtals:	170.000 kr.

Dagvinnutímakaup er því:
Föst mánaðarlaun 150.000 kr. / 170 (deilitala) = 882,35 kr. per. klst. í dagvinnu.

Orlofsstundir eru:
Heildarlaun 170.000 kr. x 10,17% = 17.289 kr. / 882,35 kr. tímakaup í dagvinnu = 19,59 orlofsstundir.

Þegar viðkomandi launþegi fer í orlof hefur tímakaup hans hækkað í kr. 900, t.d. vegna launabreytinga. Þá reiknast orlofsstundir hans yfir árið á kr. 900 en ekki á kr. 882,35 hver orlofsstund.

Af orlofslaunum ber að greiða skatta og öll önnur gjöld því hér er um venjulega launagreiðslu að ræða.

			STIKA	TRÉ	STJARV DÝR	GNDSU	OFNA	GUMI	LÍÐUR VEL	HORAD KLETTA VEGGIR
			FOR- SÖGN		1					
			GLAUM- URINN			26				
			KYLDIR ÁRNAR RÖSTI		2				3	
	↓	ÖNEFNI	TRYLLT BRAUT- IN		GRAND		BLÖM BELTA			4
KINN- UNG + SYKING + KYR		12		34					FISKUR- INN	✓
BORDA + FÉLAG	16				KRAKKA	FRÍÐAR	5	SKÓLI FRÍÐ- ANGI		
KSANA				FAUT- ANUM ELDUR						7
TÖTR- ANA	→	8					SNEMMA HÁVADI		10	
HÁUGA				✓ 21	KVEN- DÝR SNUPKA			37		
RÁS	9		ELLA ÁLKA				17	ENDING STRAX		
		SKAKA SPSALD- INU	15				ELD- STÆÐI DÝRINU			ÖGN TRE
FSEK				L'F- FÆRIÐ KVABBAR	36				HREINNI	
ÁSTÆD- URNAR					SÆLU	FÁLMA	27			
TÖNN	→	30	ÖRLÖG + SKRÚFUR OF					28		
SKATT- INN				6		KROPP				18
	↓		SKEL L'IT		DANSKT FORNAFN INNYFLI	11		2 EINS KAPP- NÓGA		✓
MID- AÐI Á	35					LOFA ÁVÖXT- UR	13			
UM- HYGGJA			SKIPA NÍÐUR ÞEFAR				ÞAKKED VETLA MAL			31
HEF UPP Á		19		ÞULAN VEGGJANA					ÞUSKAR	
		VESEL TÖLU- STAFI			BLAUG- ARI GUD		24			
GREINIR + BEISKUR				14		KALDUR BLÓMA				
	↓		FSALL KVÆÐIS					ASK	33	FLANA
SLÆP- AST					LOGNA SAM- TENG- ING	29				
HREGL	20		TANGI		23	FUGL- INN	22			
SKERA + IÐN		32				25	RAN- FUGL			

KROSSGÁTA



VERÐLAUN KR. 6.000

Lausnin á jólakrossgátunni, sem endurbirt var í janúarblaði þessa árs, úr kvæðinu „Jól“ eftir Stefán frá Hvítadal er svohljóðandi:

Þau lýsa fegurst
er lækkar sól,
í blámaheiði
mín bernsku jól.

Vinningshafi, þegar dregið var úr réttum lausnum, reyndist vera Björk Felixdóttir, starfsmaður hjá Kaupþingi. Hún hefur fengið verðlaunin og að venju fylgir hér með mynd af vinningshafanum.

Þá er það gátan, sem hér birtist. Vísbending um lausn er að hana er að finna í kvæðinu „Fyrir próf“ eftir Hannes Hafstein.

Síðasti móttökudagur lausna að þessu sinni er mánudagur 22. apríl. Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslagið. Utanaskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á tölvupóstfangið vr@vr.is